

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um náttúruminjaskrá.

1. *Hvenær var náttúruminjaskrá síðast gefin út og birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum líkt og kveðið er á um í lögum um náttúruvernd að gert skuli á fimm ára fresti?*

Náttúruminjaskrá var síðast gefin út og birt í B-deild Stjórnartíðinda árið 1995, sbr. auglýsingu nr. 631/1995, um náttúruminjaskrá. Skráin byggðist á 28. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd. Samkvæmt lögunum var það ábyrgð náttúruverndarráðs að semja skrá um náttúruminjar og lönd sem ástæða kynni að vera til að friðlýsa. Náttúruminjaskrá þessi er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2. *Hvenær var síðasta fimm ára framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (áður náttúruverndaráætlun) lögð fyrir sem þingsályktunartillaga á Alþingi?*

Náttúruverndaráætlun sem byggðist á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, var samþykkt á Alþingi 2. febrúar 2010, sbr. þingsályktun nr. 3/138, um náttúruverndaráætlun 2009–2013, <https://www.althingi.is/altext/138/s/0654.html>.

Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti) eins og hún er skilgreind í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi enn.

3. *Hvar stendur vinna við undirbúning næstu fimm ára framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár og hvenær má vænta þess að hún verði lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar?*

Gildandi lög um náttúruvernd, nr. 60/2013, tóku gildi árið 2015. Við setningu þeirra laga var gerð umtalsverð breyting á undirbúningi og málsmeðferð náttúruminjaskrár.

Í apríl 2018 lagði Náttúrufræðistofnun Íslands fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Alls lagði Náttúrufræðistofnun til að 112 svæði færu á framkvæmdaáætlun fyrir vistgerðir, fuglategundir og jarðminjar. Í desember 2020 bætti Náttúrufræðistofnun við 19 svæðum til verndar fossum og selum. Tillögurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar, <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>.

Umhverfisstofnun var í kjölfarið falið að meta nauðsynlegar verndarráðstafanir svæðanna og meta kostnað við þær. Hefur sú vinna átt sér stað í samráði við ráðuneytið.

Í samræmi við málsferð 36. gr. náttúruverndarlaga undirbýr Umhverfisstofnun kynningar- og samráðsferli á tillögu að svæðum á framkvæmdaáætlun og er sú vinna hafin.

Að lokinni kynningu Umhverfisstofnunar tekur stofnunin saman umsögn um framkomnar athugasemdir og skilar til ráðherra. Ráðherra mun í kjölfarið leggja fram þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Ráðherra stefnir að því að leggja tillöguna fram á löggjafarþinginu 2022–2023.